



Seltjarnarnesbær

Starfs- og fjárhagsáætlun 2014

Efnisyfirlit

	Bls.
1. Greinargerð með fjárhagsáætlun Seltjarnarness 2014	3
2. Megináherslur sviða bæjarins	4
2.1. Fjárhags- og stjórnsýslusvið	4
2.2. Félagsþjónustusvið	5
2.3. Fræðslusvið	12
2.4. Menningarsvið	16
2.5. Íþróttá- og tómstundasvið	20
2.6. Bygginga- og umhverfissvið	22
3. B-hluti, fyrirtæki og stofnanir	26
4. Fjárhagsáætlun 2014	29

1. Greinargerð með fjárhagsáætlun Seltjarnarness 2014

Fjárhagsáætlun 2014 var unnin sameiginlega af bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokks, Neslista og Samfylkingar. Í þeirri vinnu var haft að leiðarljósi óbreytt þjónustustig og að verja grunnþjónustu bæjarfélagsins, s.s. fræðslustarfsemi og félagslega þjónustu. Þakka ber gott samstarf í bæjarstjórn á liðnu ári og starfsmönnum bæjarins fyrir að gæta skilvirkni í rekstri bæjarins. Við fjárhagsáætlunargerðina var einnig litið til 3ja ára áætlunar bæjarfélagsins fyrir árin 2015-2017.

Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur samantekins ársreiknings 2014 er áætlaður 18 milljónir króna. Útsvarsprósenta á árinu 2014 er 13,70%, sem er undir leyfilegu hámarksútsvari sem er 14,52%. Útsvarstekjur eru áætlaðar 1.850 m.kr. Tekjur af fasteignasköttum eru áætlaðar 233 m.kr. sem er sama álagningarhlutfall og árið 2013. Bæjarfulltrúar fá ekki greidd nefndarlaun fyrir árið 2014. Starfsfólk Seltjarnarnesbæjar hefur tekið að sér aukin verkefni auk þess sem áhersla er lögð á samstarf milli stofnana og deilda í því skyni að ná fram betri skilvirkni.

Forsendur fjárhagsáætlunarinnar gera ráð fyrir að verðbólga verði 5% frá upphafi til loka ársins 2014. Spár gera ráð fyrir 6,0% til 8% atvinnuleysi í landinu.

Elli og örorkulífeyrisþegar fá afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi af íbúðarhúsnæði til eigin nota, skv. samþykktum reglum þar um.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrár bæjarins hækki eingöngu til samræmis við verðlag, eða um 5%, en breytist ekki að raungildi.

Laun eru hækkuð til samræmis við gildandi kjarasamninga Launanefndar sveitarfélaga við þau stéttarfélag sem starfsmenn Seltjarnarnesbæjar taka laun samkvæmt.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á íbúafjölda á árinu 2014.


Á meðal helstu forsendna eins og fram hefur komið eru:

- Útsvar. Að álagningarhlutfall útsvars lækki og verði 13,70%. Gert er ráð fyrir að staðgreiðsla útsvars muni hækka á árinu um 3,0%. Áætlaðar útsvarstekjur eru 1.846 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir íbúafjölgun og tekið tillit til launaþróunar á árinu 2013.
- Fasteignagjöld. Að álagningarhlutfall fasteignaskatta verði óbreytt eða 0,21%. Fasteignamat hækkar að meðaltali um 5,10%
- Álagningarhlutfall vatnsgjalds verði 0,11% af fasteignamati og álagningarhlutfall fráveitugjalds verði 0,13% af fasteignamati.
- Að rekstrarniðurstaða bæði A-sjóðs og samstæðu verði jákvæð um 19 millj. kr.
- Að gjaldskrár hækki almennt um 5% sem er áætluð verðlagsbreyting milli ára.
- Að framkvæmt verði fyrir 140 millj. kr. og þar er ekki gert ráð fyrir upphæðum vegna byggingar hjúkrunarheimilis.

- Að reglur vegna lækkunar á fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega tryggja að tekjulágir eldri borgarar njóti afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjöldum.
- Að áfram verði gætt ýtrasta hagræðis í rekstri og gætt að hagkvæmni í öllum innkaupum.
- Að Seltjarnarnesbær verði áfram fyrirmyndarsveitarfélag hvað varðar fjármál og rekstur.

2. Megináherslur sviða bæjarins

Skipting fjármagns á svið bæjarins



2.1. Fjárhags- og stjórnsýslusvið

Hlutverk stjórnsýslusviðs og fjármáladeildar Seltjarnarneskaupstaðar er að annast fjármál bæjarins í heild s.s. að annast um bókhald, launabókhald, skatttekjur, innheimtumál o.fl. og síðan að annast og hafa eftirlit og aðstoða við stjórnsýslu bæjarfélagsins s.s. vegna samþykpta, verklagsreglna, gjaldskráa, annast verkefni fyrir yfirstjórn bæjarfélagsins s.s. bæjarstjóra, bæjarstjórn, nefndir og ráð.


Verkefni sviðsins eru margþætt og snúa bæði að þjónustu inn á við, þ.e. þjónustu við önnur svið, deildir og starfsmenn Seltjarnarnesbæjar, svo sem alla símsvörun bæjarins og þjónustu við viðskiptavinum bæjarins. Almennir rekstrarliðir hafa viðmið sín úr gildandi þjónustusamningum, mati á raunnotkun og verðlagsbreytingum. Segja má um alla hefðbundna rekstrarliði að þeir einkennist af óbreyttum rekstri og áfram gætt hagkvæmi í öllum rekstrarliðum.

Helstu verkefni stjórnsýslusviðs auk hefðbundinna verkefna hafa verið að viðhalda og þetta innri verklagsreglur í stjórnsýslunni almennt, þróa áfram rafræna stjórnsýslu fyrir íbúa í gegnum heimasíðu bæjarins. Sviðið sér um beinar útsendingar frá bæjarstjórnarfundum. Áfram verður haldið við að færa alla reikninga yfir á rafrænt form. Farið verður í að uppfæra bókhaldskerfi bæjarins í nýjustu útgáfu af Navision og lokið verður við að færa tölvukerfi bæjarins í hýsingu hjá Nýherja. Það mun auka öryggi til að flýta og auðvelda allt ferli þeirra, einnig að auka öryggið í allri úrvinnslu reikninga.

2.2. Félagsþjónustusvið

Skipting kostnaðar félagsþjónustusviðs

- Félagsmálaráð
- Stjórnun, félagsleg ráðgjöf, barnavernd
- Fjárhagsaðstoð
- Húsaleigubætur
- Heimilisþjónusta
- Barnaverndarstarf, ýmis úrræði
- Félags- og tómstundastarf aldraðra
- Dagvistun aldraðra
- Ferðaþjónusta aldraðra
- Mötuneyti og húsvarsla v. aldraðra
- Niðurgr. fasteignagjöld aldraðra
- Þjónusta við fatlað fólk
- Ferðaþjónusta fatlaðra
- Forvarnir, jafnréttismál, ýmsir styrkir
- Ýmis félagsleg aðstoð



Félagsþjónustusvið hefur aðsetur í Mýrarhúsaskóla eldri.

Starfsmenn þar eru félagsmálastjóri, yfirfélagsráðgjafi, deildarstjóri öldrunarþjónustu og félagsráðgjafi/unglingaráðgjafi.

Verkefni starfsmanna eru félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barnavernd, ráðgjöf til fatlaðs fólks, móttaka og greining umsókna um heimaþjónustu, heimsendingu matar, ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra, húsaleigubætur, liðveislu, félagslegar leiguíbúðir, sérhæfða búsetu fyrir fatlaða og aðra þjónustu í þágu fatlaðra.

Útgjöld til félagsþjónustunnar eru skv. fjárhagsáætlun 242,3 milljónir, en það eru um 11,2% af rekstrarútgjöldum bæjarins, A sjóðs.

Félagsþjónustusviðið er rekstraraðili félagslegra leiguíbúða í eigu bæjarins, annast útleigu þeirra og hefur umsjón með þeim. Útgjöld vegna félagslegra íbúða eru 17 milljónir skv. áætlun fyrir B hluta fyrirtæki og stofnanir bæjarsjóðs.

Fjölskyldunefnd er 5 manna nefnd kjörin af bæjarstjórn og fer með stefnumótun félagsþjónustu og fjallar um mál sem starfsmenn hafa ekki umboð til að taka ákvörðun um. Nefndin fundar að jafnaði annan hvern mánuð.

Jafnréttismál heyra einnig undir starfsemi félagsmálasviðs. Jafnréttisnefnd fundar 2 – 3 á ári og situr félagsmálastjóri fundi hennar og annast verkefni fyrir nefndina í samstarfi við önnur svið bæjarins eða úthlutar öðrum starfsmönnum.

Helstu verkefni og áherslur Félagsþjónustusviðs 2013

Markmið félagsþjónustu byggir á 1. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglum Seltjarnarnesbæjar sem settar eru á grundvelli laganna. Markmið félagsþjónustu er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjalpar. Skal það gert með því:

- a. að bæta líf skjör þeirra sem standa höllum fæti,
- b. að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna,
- c. að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi,
- d. að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Einstakir þættir félagsþjónustunnar:

Heimaþjónusta

Starfsmenn heimaþjónustu eru 9 í 6,75 starfsgildum. Fastráðnir starfsmenn heimaþjónustu hefja flestir vinnudaginn með að mæta á starfsstöð sína í Mýrarhúsaskóla eldri þar sem farið er með þeim yfir verkefni dagsins.

Verktakasamningur er við einkarekið þjónustufyrirtæki sem sinnir heimaþjónustu á u.þ.b. 20 heimilum þar sem eingöngu þarf að aðstoða við þrif.

Einstaklingsmiðað þjónustumat yfir hvaða verkefni þarf að sinna hjá hverjum og einum er unnið í samráði við alla sem fá heimaþjónustu og kvöld- og helgarþjónustu. Það skapar heildstæða þjónustukeðju.

Samskiptabók er á öllum heimilum sem njóta heimaþjónustu daglega eða oftár. Með henni verða styttri boðleiðir milli starfsmanna sem sinna þjónustu á heimilinu og aðstandenda og vinnubrögð skilvirkari.

Stefnt er að því að starfsmenn heimaþjónustu fái sem fjölbreyttust verkefni samhliða vinnu við heimilisþrif. Það stuðlar að aukinni starfsgleði og bættum starfsanda.

Haldnir eru stuttir fundir (örfundir), með starfsmönnum heimaþjónustu mánaðarlega. Á þeim er miðlað upplýsingum og ýmis vinnutengd mál rædd. Fundir sem þessir auka samkennd meðal starfsmanna og eru einnig vettvangur til að hvetja og styðja við starfsmenn.

Barnavernd

Markmið barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.

Barnaverndarstarfið á Seltjarnarnesi byggir á Barnaverndarlögum nr. 80/2002 sem og áætlun bæjarins í barnaverndarmálum sem samþykkt var í febrúar 2008.

Stefna og framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar á að stuðla að skýrri framtíðarsýn meginþátta í starfsemi barnaverndar og auka gæði barnaverndarstarfs. Með því er stuðlað að samfélagi þar sem börn eiga rétt á vernd, umönnun og njóti réttinda sem eru í samræmi við aldur og þroska. Áætluninni er ætlað að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi.

Meðal helstu áhersluatriða eru:

- Að barnafjölskyldur sem þurfa aðstoð séu styrktar í uppeldishlutverki sínu
- Að hagsmunir barna séu í fyrirrúmi
- Að Seltjarnarnesbær sjái börnum fyrir þroskavænlegum uppeldisskilyrðum í leik og starfi.

Til að ná markmiðum og áherslum í stefnunni á að auka vægi barnaverndarstarfs m. a. með aukinni fræðslu varðandi barnavernd, uppeldi og forvarnir. Félagsráðgjafar eru í mjög nánu samstarfi við leik- og grunnskólana, til þess að hægt sé að taka strax á málefnum barna og unglinga.

Þróaðar verði nýjar leiðir í barnaverndarstarfi og starfsmönnum verði gert kleift að sækja áfram fræðslu, námskeið og símenntun.

Yfirfélagsráðgjafi félagsþjónustunnar er í stjórn fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd. (FFB). Á vegum FFB er haldið málþing árlega, að þessu sinni í Mosfellsbæ.

Félagsráðgjöf og fjárhagsaðstoð

Félagsráðgjöf felst í heildrænni ráðgjöf og stuðningi við skjólstæðinga. Félagsráðgjafar hafa víðtæka þekkingu á úrræðum sem standa til boða í nær- og fjærsamfélaginu hverju sinni.

Félagsráðgjafar veita félagslega ráðgjöf, í henni felst annars vegar upplýsingagjöf um félagsleg réttindi og stuðningur vegna félagslegs- og/eða persónulegs vanda t.d. geðraskana eða áfengis- og fíkniefnavanda.

Um fjárhagsaðstoð gilda reglur og viðmiðanir og þarf félagsráðgjafi að meta hverju sinni hvort að réttur til fjárhagsaðstoðar sé til staðar. Unnið er að því að endurskoða reglur Seltjarnarnesbæjar um fjárhagsaðstoð.

Markvisst verður unnið að því að leysa vanda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til lengri tíma með nánari greiningu og beitingu annarra úrræða. Fjárhagsaðstoð er alltaf hugsuð sem tímabundin aðstoð og er það m.a. annars verkefni félagsráðgjafa að aðstoða fólk við að koma sér úr þeirri stöðu að þurfa slíka aðstoð.

Félagsráðgjafar veita öldruðum einnig félagslega ráðgjöf. Auk þess veitir félagsráðgjafi í samráði við deildarstjóra öldrunarþjónustu upplýsingar um félagslegar aðstæður og félagslega þjónustu við hinn aldraða þegar beiðni um vistunarmat liggur fyrir. Vistunarmat er forsenda úthlutunar hjúkrunarrýmis.

Unglingaráðgjöf

Unglingaráðgjafi sinnir málefnum unglinga á aldrinum 12-18 ára sem og ungmenna 19-25 ára, sem þarfnast stuðnings, félagslegrar ráðgjafar og aðstoðar. Unglingaráðgjafi

starfar náið með skólum Seltjarnarness og foreldrum að úrlausn vanda unglínga. Þá er hans hlutverk einnig að beina ungmönnum sem eru utan vinnumarkaðar og skóla í virkni oft í samvinnu við Vinnumálastofnun eða aðrar stofnanir sem koma að málefnum ungs fólks.

Félagsleg húsnæðismál og húsaleigubætur

Leiga í félagslegum leiguíbúðum Seltjarnarnesbæjar breyttist á sl. ári og er nær markaðsleigu en var áður. Allir leigutakar eru með tímabundna leigusamninga til eins árs í senn. Greiddar eru almennar húsaleigubætur og einnig eru greiddar sérstakar húsaleigubætur fyrir tekjulága leigjendur í félagslegum erfiðleikum.

Þjónusta við fatlaða

Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær eru eitt þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks og er Reykjavík leiðandi sveitarfélag í því samstarfi. Seltjarnarnesbær sér um ákveðna þætti þjónustunnar. Félagsráðgjafar á félagssviði Seltjarnarnesbæjar annast móttöku allra umsókna um þjónustu ætlaða fötluðum, greiningu á högum umsækjenda og miðla áfram þeim upplýsingum til Reykjavíkur og fylgja eftir umsóknum. Öll almenn ráðgjöf fer einnig fram hjá félagsráðgjöfum hér. Reykjavík sér um sérhæfð búsetuúrræði og dagþjónustu við fatlaða, auk skammtímvistunar, áfangastaða o. fl. Seltjarnarnesbær sér um málefni stuðningsfjölskyldna og sérstaka liðveislu skv. samningi við Reykjavíkurborg auk móttöku allra umsókna og almennrar ráðgjafar.

Forvarnir

Lykillinn að árangri Seltjarnarnesbæjar í forvarnarmálum er samvinna og samráð allra sem koma með einum eða öðrum hætti að uppeldi, kennslu, þjálfun og annarri vinnu með ungmönnum. Samráðshópur um áfengis- og vímuvarnir hefur verið starfandi frá árinu 1995. Hópurinn er fjölskipaður og hittist fjórum sinnum á ári og mun gera það áfram. Forvarnarfulltrúi sér um fræðslu til foreldra í samvinnu við foreldrafélög skólanna.

Félags- og unglíngaráðgjafi er fulltrúi bæjarins í SAMAN-hópnum sem er samráðsvettvangur fagfólks frá öllu landinu og vinnur að forvörnum. Hópurinn allur hittist mánaðarlega.

Félagsráðgjafi situr fyrir hönd bæjarins í samráðshópi áfallahjálpar í umdæmi lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Þessi hópur er myndaður samkvæmt nýju skipulagi áfallahjálpar á Íslandi.

Þjónusta við aldraða á Skólabraut 3 - 5

Á Skólabraut 3 – 5 er veitt margvísleg þjónusta við aldraða. Þar er mótuneyti og dagvist starfrækt, húsvörður sem sinnir þjónustu við íbúa í húsinu og aðstoðar við þjónustu á

jarðhæð. Félagsstarf fer fram í húsinu, bæði tómskundastarf í formi námskeiða og félagsleg samvera af ýmsu tagi.

Félags- og tómskundastarf

Boðið er upp á fjölbreytt tómskunda- og félagsstarf alla virka daga allan ársins hring þó aðeins dragi úr fjölbreytninni yfir hásumarið. Dagskrá og námskeið eru sniðin eftir áhuga og óskum þátttakenda. Boðið er upp á námskeið í glerbræðslu, glerlist, leirlist ásamt listasmiðju þar sem mismunandi hugmyndir fá að njóta sín. Í janúar tókst loks að koma á námskeiði í bókbandi en talsverð eftirspurn hefur verið eftir þannig námskeiði undanfarin misseri. Almenn handavinna með leiðsögn er tvisvar í viku. Þá er í boði ýmis hreyfing svo sem ganga og léttar æfingar, jóga, sund og botsía. Félagsvist, lomber, bingó og bío eru í hverjum mánuði. Einn dagur í mánuði er tekinn undir „óvissudag“ en þá er farið í ferðalög á áhugaverða staði, farið í leikhús eða eitthvað annað sem fólki dettur í hug. Þá hefur verið ákveðið að fjölga kvöldsamverum þar sem fólk kemur saman, borðar góðan mat, syngur, spjallar og tekur sporið. Samstarf og samvera yngri og eldri heldur áfram, en síðasta miðvikudag í mánuði er samverustund í Skelinni, nýju og glæsilegu húsnæði ungra framhaldsskólanema staðsett í Selinu. Boðið er upp á bókmenntanámskeið í samvinnu við bókasafnið bæði á vor- og haustmisseri, en þau námskeið sem þegar hefur verið boðið uppá hafa verið mjög vel sótt.

Sú skemmtilega hefð hefur skapast í húsnæði félagsaðstöðunnar að Skólabraut 3-5, að alla virka morgna kl. 10.30 er kaffi á könnunni í „króknum“. Það fjölgar stöðugt gestum í krókin, en þangað koma bæði íbúar hússins og gestir utan úr bæ og ræða landsins gagn og nauðsynjar.

Alla föstudaga er sungið í salnum á Skólabraut. Tónmenntakennari Mýrarhúsaskóla stýrir kórnum ásamt organista kirkjunnar. Viðkomandi tónmenntakennari stýrir einnig barnakór Mýrarhúsaskóla „litlu snillingunum“ og hefur samvinna milli þeirra og „gömlu meistaranna“ leitt til margra gleðistunda en kórnir hafa komið skemmtilega á óvart þar sem þeir hafa sungið saman. Alla mánudaga fram á vor er bókmennta- og lestrarstund í salnum á Skólabraut.

Handavinnusýning í lok vetrar er stór liður í starfi handavinnukvanna.

Stefnan er að hafa félags- og tómskundastarf eldri borgara á Seltjarnarnesi fjölbreytt og þannig skipulagt að allir sem áhuga hafa geti fundið eitthvað við sitt hæfi og tímasetningar þannig sniðnar að sem flestir geti notfært sér það sem í boði er. Félagsstarfið fer að mestu fram í aðstöðunni að Skólabraut 3 - 5 þótt aðeins sé farið að nýta aðra aðstöðu í nágrenninu, eins og íþróttahúsið, grunnskólana, Selið, bókasafnið, kirkjuna o.fl. staði. Markvisst er unnið að því að gera starfið áhugaverðara og sýnilegra t.d. með því að auglýsa dagskrána á heimasíðu bæjarins: seltjarnarnes.is, í Morgunblaðinu, Nesfréttum og víðar um bæinn. Dagskrá er send út til allra eldri íbúa

Seltjarnarness tvisvar á ári þar sem finna má ítarlegar upplýsingar um það sem framundan er. Þátttaka karla hefur aukist til muna í starfinu almennt. Þeir hittast tvisvar í viku í kaffispjalli í safnaðarheimili kirkjunnar, spila billjard í Selinu, ásamt því að halda úti klúbbstarfi bæði í matargerð og tréskurði. Unnið er að því að hvetja til og efla sjálfsprottið starf bæði hjá körlum og konum.

Félags- og tómstundastarf eldri bæjarbúa á Nesinu á mjög gott samstarf við bæði félagasamtök og stofnanir bæjarins sem vonandi eflist og styrkist enn frekar, en þessir aðilar eru forsvarsmenn tónlistarskólans, bókasafnsins og kirkjunnar, félagsmiðstöðvarinnar Selsins og heilsugæslustöðvarinnar og nú hefur golfklúbburinn bæst við en a.m.k. tvisvar á þessu ári verður boðið upp á bingó í golfskálanum. Dagskrárliðir ofangreindra aðila sem lúta að eldri bæjarbúum eru auglýstir með í útgefinni dagskrá. Einnig er gott samstarf við íþróttahúsið, Gróttu og áhaldahúsið, Lions og Slysavarnardeild kvenna, en samstarfið við þessa aðila gefur starfinu aukið gildi og fjölbreytni. Samstarf leik- og grunnskóla og félagsstarfs eldri borgara hefur ekki verið mikið fram að þessu, en viljinn er fyrir hendi og verður stefnt að auknu samstarfi við þessa aðila.

Dagskrá liggur fyrir fram á mitt ár 2014 og engin ástæða til annars en að vinna að framkvæmd hennar með bjartsýni, enda dagskráin sniðin eftir óskum notendanna sjálfra. Hefðbundinni dagskrá lýkur með sumarferð í lok júní og vonumst við þá til þess að unga fólkinu okkar bjóðist að skipuleggja starfið og vinna með eldri bæjarbúum eins og undanfarin tvö sumur en það samstarf hefur verið með eindæmum farsælt og skemmtilegt fyrir alla aðila.

Dagvist aldraðra


Dagvist aldraðra hefur það hlutverk að bjóða eldri bæjarbúum á Seltjarnarnesi þjónustu sem miðar að því að þeir geti búið á eigin heimili þrátt fyrir skerta andlega eða líkamlega heilsu, rjúfa félagslega einangrun og tryggja að þeir njóti þeirra lífsgæða sem kostur er á. Lögð er áhersla á að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og eiga virk samskipti við aðstandendur. Mikilvægt er að styrkja tengslin við aðstandendur með því að koma á reglulegum fundum með þeim einu sinni til tvisvar á ári og tryggja sem best samráð um þá þjónustu sem snýr að hverjum og einum.

Virkt samstarf er við heimaþjónustu, heimahjúkrun og heilsugæslu. Nauðsynlegt er að heimaþjónusta og dagvist fundi reglulega um þjónustuþarfir þeirra sem njóta fjölpættar öldrunarþjónustu og aðra sameiginlega þætti í starfinu. Virkt samstarf er við félagsstarf aldraðra og nýtist sú þjónusta vel.

Miklu skiptir að gestir dagvistarinnar hafi sem fjölbreytilegust viðfangsefni. Tryggja þarf að allir eigi kost á því að njóta þeirrar tilbreytingar sem fólgin er í slíku starfi.

3.3. Fræðslusvið

Skrifstofa Fræðslusviðs er í húsnæði bæjarskrifstofu Seltjarnarness að Austurströnd 2. Fræðslustjóri Seltjarnarnesbæjar er Baldur Pálsson.



Fræðslusvið er langviðamesta þjónustusvið Seltjarnarnesbæjar þar sem fjöldi starfsfólks og stöðugilda er mestur. Um það bil helmingur af tekjum bæjarins nýtist til reksturs sviðsins. Hlutverk Fræðslusviðs er að hafa yfirumsjón með starfsemi leik-, grunn- og tónlistarskóla, daggæslu í heimahúsum, auk þess að sinna forvarnarstarfi. Fræðslustjóri hefur umsjón með upplýsingagjöf fyrir skólanefnd, undirbúningi funda og ritun fundargerða, ásamt eftirfylgni við stefnumörkun og ákvarðanir nefndarinnar. Fræðslustjóri hefur yfirumsjón með fjárhagsáætlanagerð þeirra starfsstöðva sem tilheyra sviðinu í samráði við hlutaðeigandi stjórnendur. Sviðið hefur auk þess umsjón með innritun barna til dagforeldra og í leik-, grunn- og tónlistarskóla, ásamt umsjón með skráningu nemenda bæði í grunn- og tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags. Fræðslustjóri hefur yfirsýn yfir dagforeldra í bænum, veitir þeim ráðgjöf og starfsleyfi, auk þess að hafa eftirlit með því að starfsreglum sé framfylgt.

Helstu verkefni og áherslur Fræðslusviðs 2014

- Eftirfylgni við innleiðingu nýrra aðalnámskráa fyrir leik- og grunnskóla verða stærstu verkefni á Fræðslusviði árið 2014.
- Eftirfylgni við vinnustaðargreiningu, sem lögð var fyrir í október 2013, til eflingar stofnana á sviðinu og þeirrar þjónustu sem þær veita.
- Þátttaka í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um símenntun leik- og grunnskólakennara.
- Fræðslusvið mun ásamt ÍTS í samstarfi við leik- og grunnskóla sjá um „Sumarskóla“ fyrir 5 ára börn í ágústmánuði. „Sumarskólinn“ miðar að því að

venja börnin við umhverfi grunnskólans, ásamt því að flýta inntöku nýrra nemenda á leikskóla.

- Áfram verður unnið að því að leik-, grunn-, og tónlistarskóli uppfylli markmið Staðardagskrár 21 og Grænfánaverkefnum skólanna verður fram haldið.

Leikskóli Seltjarnarness

Mánabrekka, Suðurströnd 1, Sólbrekka, Suðurströnd 3 og leikskóladeildin Holt í Seltjarnarneskirkju.

Skólastjóri er Soffía Guðmundsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Anna Harðardóttir.

Fjöldi starfsmanna skólaárið 2013 – 2014 er 60 í 51 stöðugildi.

Leikskóli Seltjarnarness starfar skv. lögum um leikskóla og reglugerðum þeim tengdum. Hann heyrir undir fræðsluvið Seltjarnarnesbæjar. Í október 2013 bættist 10 deildin, sem hlaut nafnið Holt, við skólann og er hún staðsett í Seltjarnarneskirkju. Helstu áherslupættir LS eru umhverfismennt, tónlist og SMT – skólafærni. Starfsfólk hefur sameinast um gildin jákvæðni, virðing og fagmennska, sem eru höfð að leiðarljósi í daglegu starfi skólans.

Í leikskólanum eru 196 börn – eldri börnin eru í Sólbrekku og yngri í Mánabrekku og yngstu börnin í Holti.

Í öllu uppeldisstarfi skólans er barnið í brennidepli í þeim skilningi að gengið er út frá þroska og þörfum barnsins hverju sinni. Leikurinn er „hornsteinn“ leikskólastarfsins því barn lærir mest og best í leik og samskiptum við börn og fullorðna í frjóu og skapandi umhverfi. Leikurinn er námsleið barnsins og kennsluaðferð leikskólakennarans.

Helstu verkefni og áherslur Leikskóla Seltjarnarness 2014

- Umhverfismennt.
- SMT – skólafærni.
- Tónlist.
- Þátttökuaðlögun.
- Persónumöppur.
- Læsi og samskipti.
- Samstarf við Tónlistarskóla Seltjarnarness.
- Samstarf við Hreyfiland.
- Vinna að skólanámskrá fyrir LS.
- Sumarskóli fyrir 5 ára börn.
- Samstarf við Menntavísindasvið HÍ.
- Samstarf við Námsmatsstofnun um mat á starfsemi LS.
- Samstarf við Skólapúlsinn um foreldra- og starfsmannakannanir.
- Íþróttaskóli Gróttu.

- Endur- og símenntun kennara og starfsfólks.
- Jafnréttisstefna Seltjarnarness.

Grunnskóli Seltjarnarness

Mýrarhúsaskóli v/Nesveg og Valhúsaskóli v/Skólabraut.

Skólastjóri er Guðlaug Sturlaugsdóttir og aðstoðarskólastjórar Helga Kristín Gunnarsdóttir og Ólína Thoroddsen. Fjöldi starfsmanna skólaárið 2013-2014 er 90. Skólaárið 2013-2014 verður Ólína Thoroddsen skólastjóri, þar sem Guðlaug verður í námsleyfi.

Grunnskóli Seltjarnarness er heildstæður grunnskóli sem starfar skv. lögum um grunnskóla og reglugerðum þeim tengdum. Hann heyrir undir fræðsluvið Seltjarnarnesbæjar. Í tengslum við skólann er rekið mötuneyti og skólaskjól. Skólaskjól er frístundaheimili fyrir nemendur í 1.-4. bekk.

Í Grunnskóla Seltjarnarness er nemandinn í brennidepli, líðan hans og þarfir. Stefnt er að því að nemendur hafi gleði af námi í hvetjandi umhverfi sem virkjar frumkvæði þeirra, hugvit og sköpunargáfu.

Með það að leiðarljósi er lögð áhersla á að koma til móts við alla nemendur og boðið er upp á sveigjanlega náms- og kennsluhætti svo að hver fái kennslu við sitt hæfi. Lögð er áhersla á að við skólann starfi metnaðarfullt starfsfólk sem vinnur að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda. Gagnkvæm virðing og góð samskipti eru höfð að leiðarljósi. Í skólanum er einnig lögð áhersla á heilbrigðan metnað nemenda, sjálfstæði og ábyrgð. Einkunnarorð skólans eru virðing, ábyrgð og vellíðan og eiga þau að einkenna skólastarfið.

Helstu verkefni og áherslur Grunnskóla Seltjarnarness 2014

- Endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar í tengslum við útgáfu nýrrar aðalnámskrár.
- Innleiðing nýrra leiða í námsmati.
- Endurskoðun á vali á unglíngastigi.
- Byrjendalæsi, þjálfun nýliða.
- Haldið verður áfram með þróunarverkefnið *Orð af orði*, sem hófst haustið 2013.
- Að festa uppbyggingarstefnuna í sessi.
- Unnið áfram að verkefninu skóli á grænni grein (Grænfáninn).
- Tilraun með að breyta skiptingu bekkja í 10. bekk haustið 2014.

Tónlistarskóli Seltjarnarness

Tónlistarskóli Seltjarnarness er við Skólabraut. Skólastjóri er Gylfi Gunnarsson og aðstoðarskólastjóri er Kári Húnfjörð Einarsson. Fjöldi starfsmanna skólaárið 2013-2014 er 24 í 13,5 stöðugildum auk ritara í 50% starfshlutfalli.

Tónlistarskóli Seltjarnarness hefur frá stofnun sinnt almennri tónlistarmenntun Seltirninga, með áherslu á grunnskólaaldur. Gott samstarf er á Seltjarnarnesi milli tónlistarskólans, grunnskólans, leikskólans og íþróttafélagsins Gróttu. Á þessu skólaári, eins og því síðasta, gefst öllum nemendum sem lokið hafa miðprófi kostur á að stunda tónlistarnám óháð búsetu.

Nemendum býðst tónlistarkennsla frá eins árs aldri, en tónlistarkennari frá skólanum annast reglulega tónlistarfræðslu í Leikskóla Seltjarnarness. Tónleikar á vegum tónlistarskólans eru haldnir á starfsstöðvunum Mánabrekku og Sólbrekku á haust- og vorönn.

Í fyrsta bekk grunnskóla koma allir nemendur árgangansins í tónlistarskólann einu sinni í viku og njóta leiðsagnar tveggja tónlistarkennara. Í öðrum bekk grunnskóla fá nemendur sem þess óska kennslu á blokkflautu. Í þriðja bekk geta nemendur valið sér hljóðfæri, kennt er á öll algengustu hljóðfæri.


Helstu verkefni og áherslur Tónlistarskóla Seltjarnarness á árinu 2014

- Starfsemi Tónlistarskóla Seltjarnarness er í föstum skorðum, en áherslubreytingar eru milli ára.
- Skólatónleikar eru á þriggja vikna fresti auk einkatónleika kennara sem haldnir eru í desember og maí. Jóla- og vortónleikar eru haldnir í Seltjarnarneskirkju. Löng hefð er fyrir því að skólinn bjóði nemendum Mýrarhúsaskóla og börnum frá Mánabrekku og Sólbrekku á tónleika á aðventu. Síðustu daga fyrir jólafrí heimsækja nemendur og kennarar ýmsar stofnanir og fyrirtæki á Seltjarnarnesi og Reykjavík.
- Tvær aldursskiptar lúðrasveitir eru starfandi á þessu skólaári. auk strengjasveitar. Hljómsveitirnar styrkja nemendur í þeirri samhæfingu sem felst í því að spila saman og leika fyrir áheyrendur.
- Dagur tónlistarskólanna er haldinn hátíðlegur síðasta laugardag í febrúar ár hvert.
- Áframhald verður á samstarfi Tónlistarskólans og Bókasafns Seltjarnarness. Kennarar og lengra komnir nemendur koma fram á tónleikum í bókasafninu, undir heitinu *Tónstafir*, mánaðarlega á skólaárinu.

2.4. Menningar- og samskiptasvið

Menningar- og samskiptasvið Seltjarnarness heyrir undir menningarnefnd og er með um 3,6% hlutdeild í rekstri bæjarins. Sviðið tók formlega til starfa 15. október 2012 þegar sviðsstjóri þess, Soffía Karlsdóttir var ráðin til starfa. Sviðsstjóri ber ábyrgð á menningarviðburðum og innri og ytri samskiptum bæjarins. Auk þess fylgir hún eftir stefnumörkunum og ákvörðunum menningarnefndar. Sviðsstjóri ber ábyrgð á fjárhags- og áætlanagerð, kostnaðareftirliti og verkefnastjórn menningarviðburða. Sviðsstjóri starfar skv. samþykktri menningarstefnu Seltjarnarness sem hefur að leiðarljósi að efla áhuga, löngun og möguleika bæjarbúa til að njóta menningar og felur í sér að íbúar bæjarins fái notið menningar- og menningarstarfs.

Skipting kostnaðar menningar- og samskiptasviðs



Meginverkefni sviðsins felast í rekstri Bókasafns Seltjarnarness, reglubundnum menningarviðburðum, samræmingu og innleiðingu á menningartengdri starfsemi og hátíðarhöldum auk framkvæmdar á ákvörðunum menningarnefndar. Sviðið hefur auk annars umsjón með skráningu listaverka, Náttúrugripasafni Seltjarnarness, ljósmyndasafni, Fræðasetri Gróttu, söfnum á Seltjarnarnesi, heimasíðu- og Facebook síðum Seltjarnarnesbæjar og Bókasafnsins auk samskipta við fjölmiðla, félagasamtaka, sjálfstæðra stofnana, fyrirtækja og einstaklinga um málefni er tengjast bæjarfélaginu.

Helstu verkefni menningarsviðs 2014

- Útnefning bjarlistamanns 25. janúar.
- Fjölskyldudagur í Gróttu 1. maí.
- Jónsmessuganga 24. júní.
- 17. júní hátíðarhöld í Bakkavör fyrir alla fjölskylduna.
- Skipulagning og umsjón dagskrár vegna 40 ára afmæli bæjarins
- Ritstjórn afmælisrits á landsvísu
- Ritstjórn afmælisrits Seltirninga

- Viðgerð og uppsetning á útilistaverkinu *Skyggnst bak við tunglið* við Sundlaug Seltjarnarness
- Skráning og varðveisla listaverka á vegum bæjarins.
- Fulltrúi bæjarins í SSH á sviði ferðapjónustu
- Umsjón og rekstur Fræðaseturs í Gróttu.
- Umsjón með söfnum bæjarfélagsins.
- Umsjón með vinabæjarsamskiptum.
- Undirbúningur fyrir afmælisdagskrá 9. apríl 2014 í tilefni af 40 ára afmæli kaupstaðaréttinda Seltjarnarnesbæjar.
- Skráning ljósmynda á rafrænt form.
- Samstarf við Þjóðminjasafn Íslands um sýningarhald í Nesstofu
- Þátttaka og umsjón með samstarfssamningi Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands sem lýtur að fornleifauppgreftri á Seltjarnarnesi í maí.
- Eftirfylgni við vinnustaðargreiningu í kjölfar starfsmannakönnunar Capacent í október 2013.
- Stefnumótun og fjárhagsáætlunargerð sviðsins.
- Umsjón með vinabæjarsamskiptum.

Bókasafn Seltjarnarness

Bókasafn Seltjarnarness er staðsett á Eiðistorgi 11, 2. hæð. Fjöldi starfsmanna árið 2013 voru 7 í tæplega 5,5 stöðugildum auk sviðsstjóra. Við Bókasafn Seltjarnarness starfa árið 2014 þrjú bókasafnsfræðingar, þrjú bókaverðir og einn barnabókavörður. Starfsmenn skipta með sér ábyrgð og verkum og vinna einnig sameiginlega að þeim verkefnum sem heyra undir almenningsbókasöfn.

Bókasafn Seltjarnarness er menningar-, mennta- og upplýsingastofnun Seltjarnarness og starfar samkvæmt gildandi lögum um almenningsbókasöfn.

Bókasafn Seltjarnarness hefur það að meginmarkmiði sínu að efla lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð bæjarbúa. Þjónusta safnsins skal ná til þeirra allra, án tillits til aldurs, kynferðis, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúarbragða, þjóðernis, eða þjóðfélagsstöðu. Það leitast við að jafna aðgang að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu og standa vörð um íslenska tungu, bókmenntir og menningararf og hvetja til lesturs, náms og símenntunar.

Helstu verkefni Bókasafns Seltjarnarness 2014

- Endurnýjun og endurröðun safnkosts.
- Frágangur og grisjun á bókaöfjum
- Fylgjast með þróun á útgáfu rafbóka og rafræns efnis til útláns
- Grisjun á VHS spólum og snældum

- Efla innkaup á hljóðbókum
- Efla innkaup á erlendum kiljum
- 6-7 tónleikar í tónleikaröðinni Tónstafir í samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness
- Hannyrðanámskeið yfir vetrarmánuðina
- Mánaðarlegir fundir Bókmenntafélags Bókasafnsins á vetrarmánuðum
- Mánaðarlegar sögustundir fyrir börn á vetrarmánuðum
- Reglubundnar sýningar í Eiðisskeri á vetrarmánuðum
- Upplestrarkvöld höfunda í nóvember/desember
- Tímabundnar þematengdar uppstillingar og sýningar á bókmenntum
- Sumarlestur grunnskólabarna
- Lestrarvakning fyrir unglingspíla
- Námskeið og ráðstefnur starfsmanna
- Endurskoðun opnunartíma safnsins
- Efla kynningarstarf safnsins
- Endurskoðun á sýningarstefnu Eiðisskers og salur betrubættur
- Uppsetning nýrrar unglíngadeildar
- Efla þjónustu við eldri borgara
- Endurnýja elstu tækja- og tölvubúnaði og innleiða iPad
- Móttaka og upplestur fyrir leikskólabörn á Seltjarnarnesi

Starfsemi samskiptasviðs 2014

Starfsemi sviðsins er ætlað að vera lifandi spegill bæjarfélagsins og miðla hinni virku og jákvæðu starfsemi til einstaklinga, fjölmiðla og opinberra aðila. Því er ætlað að vinna þvert á önnur svið bæjarfélagsins við miðlun, öflun og samræmingu upplýsinga og myndefnis á heimasíðu bæjarins, með útsendingu fréttatilkynninga til fjölmiðla og einstaklinga og með upplýsingagjöf á þeim samfélagsmiðlum sem bæjarfélagið hefur yfir að ráða.

Helstu verkefni samskiptasviðs 2014

- Hönnun á nýrri heimasíðu bæjarins
- Innleiða miðlægt dagatal fyrir stofnanir Seltjarnarness
- Efla miðlunarleiðir fréttar- og tilkynninga til einstaklinga og fjölmiðla
- Samræming og ímyndarmál bæjarfélagsins
- Ráðgefandi á sviði útgáfu- og auglýsingamála og annars sem bæjarstjóri felur sviðinu

Tilgangur menningarstefnu Seltjarnarness er að íbúar bæjarins fái notið menningar- og menningarstarfs. Leiðarljós stefunnar er að efla áhuga, löngun og möguleika bæjarbúa til að njóta menningar.

MARKMIÐ

- Menningarstarf verði veigamikill þáttur í bæjarlífinu árið um kring, efli bæjarbrag og ímynd Seltjarnarness út á við.
- Listræn ásýnd bæjarins verði styrkt.
- Markvisst verði unnið að listuppeldi barna og unglunga svo að menning og listsköpun verði sjálfsagður og eðlilegur þáttur í lífi þeirra.
- Sérstæð náttúra Seltjarnarness verði að fremsta megni þætt saman við list og listsköpun.
- Upplýsingar um menningu og menningarstarfsemi verði aðgengilegar og vel kynntar.
- Starfsemi safna innan bæjarins verði aukin og þess gætt að þau hafi aðdráttarafl fyrir alla aldurshópa.
- Umsjón listaverka í eigu bæjarins sé fagleg og viðhald þeirra reglubundið.


LEIÐIR

- 3-4 daga menningarhátíð haldin annað hvert ár
- Bæjarlistamaður Seltjarnarness útnefndur árlega.
- Aðstaða til listsköpunar, listviðburða og listsýninga bætt samfara annarri uppbyggingu í bæjarfélaginu.
- Listamenn búsettir á Seltjarnarnesi hvattir til að taka virkan þátt í samfélaginu s.s. með samstarfi við skóla bæjarins og aðrar stofnanir.
- Skapaður verði vettvangur fyrir starfandi listamenn á Seltjarnarnesi til að kynna sig og verk sín.
- Listræn og menningarleg sjónarmið verði sjálfsagður hluti af allri skipulagsvinnu bæjarins
- Sögu, menningu og minjum bæjarins verði *haldið á lofti* á lifandi og framsækinn hátt
- Bókasafnið sé öflug menningar- og upplýsingamiðstöð .
- Stuðlað verði að þróunar- og frumkvöðlastarfsemi í tengslum við listmenntun barna og unglunga.
- Ungu fólki verði gefinn kostur á að stunda listræna sköpun undir handleiðslu fagfólks.
- Stuðlað verði að virku menningarsamstarfi milli allra aldurshópa.
- Seltjarnarnes verði opið fyrir listrænu samstarfi við önnur bæjarfélög sem og listamenn búsetta utan sveitarfélagsins.

2.5. Íþróttta- og tómstundasvið

Íþróttta- og tómstundasvið er annar stærsti málaflokkur bæjarfélagsins með um 17% hlutdeild í rekstri bæjarins og heyrir undir Íþróttta- og tómstundaráð (ÍTS). ÍTS er skipað 5 fulltrúum en daglegur rekstur er í höndum íþróttta- og tómstundafulltrúa sem hefur yfirumsjón með rekstri málaflokksins.

Skipting fjármagns Íþróttta- og tómstundasviðs



Æskulýðsfulltrúi og forstöðumaður Selsins hefur umsjón með rekstri Selsins og æskulýðsmála. ÍTS gegnir lykilhlutverki í frítímaþjónustu bæjarbúa ásamt aðildarfélögum. Frítímaþjónustan er ekki lögbundin heldur almenningsþjónusta sem fólk sækir af eigin hvötum. Með öflugum íþróttta- og tómstundastarfi er lagður grunnur að ákveðnum farvegi fyrir upprennandi kynslóðir. Aukinn stuðningur við íþróttafélög skilar sér í auknum iðkendafjölda og öflugra starfi. Með tómstundastyrkjum er lögð áhersla á að öll börn og unglingar hafi sömu möguleika á tómstundastarfi við hæfi. Með uppbyggingu íþróttamannvirkja er sköpuð aðstaða í öruggu umhverfi. Kosningu á íþróttamanni og konu Seltjarnarness ásamt félagsmálafrömuði sýnir bæjarfélagið stuðning við ungt fólk sem skarar fram úr.

Helstu verkefni íþróttta- og tómstundasviðs

Fjöldi starfsmanna og sjálfbóðaliða leggja fram mörg þúsund vinnustundir í viku hverri til þess að ná fram faglegum markmiðum og veita eins góða þjónustu og völ er á. Sú vinna skilar sér í fjölbreyttu æskulýðs- og íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa með það að markmiði að auka lífsgæði, vellíðan og ánægju Seltirninga.

Sundlaug Seltjarnarness og World Class mynda glæsilega heilsuræktaraðstöðu þar sem almenningi gefst tækifæri á að stunda líkamsrækt við bestu aðstæður. Trimmklúbbur er starfræktur í tengslum við sundlaugina og sundleikfimi er kennd fjórum sinnum í viku endurgjaldslaus. Fyrir utan sundkennslu skólanna á veturna, eru haldin skriðsundsnámskeið fyrir fullorðna og nýjasta uppátækið er sundflot, þar sem gestir láta sig fljóta í grunnu lauginni til afslöppunar.

Íþróttahúsið er fullnýtt frá morgni til miðnætis. Þar fer fram íþróttastarf skólanna og öflugt starf Gróttu. Dvalartími barna og unglunga er langur í íþróttahúsinu og mikið öryggi fyrir foreldra að vita af þeim í vernduðu umhverfi, þar sem þau geta beðið eftir æfingum í góðu yfirlæti.

Knattspyrnuvöllurinn hýsir glæsilega knattspyrnuaðstöðu með gervigrasvelli, stúku, fjórum búningsklefum ásamt félags- og skrifstofuaðstöðu. Þar er framtíðaraðstaða knattspyrnufólks Gróttu og upprennandi knattspyrnumenn og konur munu auka getu sína í framtíðinni.

Helstu verkefni starfsstöðva Íþróttamiðstöðvar er að viðhalda gildum sínum sem eru ÖRYGGI – HREINLÆTI – ÞJÓNUSTA.

Selið er félagsmiðstöð allra kynslóða. Þar finna unglingar frá 12 ára aldri eitthvað við sitt hæfi og aldrið leika þar knattborðsleik tvisvar í viku. Mikil samvinna er við Grunnskóla Seltjarnarness um félagsstarf unglunga og sjá starfsmenn Selsins um að kenna félagsmálafræði við Valhúsaskóla. Selið er einnig með starfsemi fyrir 16 ára og eldri og hefur umsjón með starfi ungmennaráðs sveitarfélagsins sem samanstendur af ungu fólki 16-24 ára.

Selið vinnur að ýmiskonar forvarnar- og fræðslumálum m.a. eineltisfræðslu fyrir 7.-10. bekk í samstarfi við Grunnskóla Seltjarnarness.

Önnur verkefni Selsins.

Sumarnámskeið Selsins fyrir börn á aldrinum 6-12 ára eru haldin frá júní byrjun og eru afar vel sótt. Hægt er að velja á milli leikjanámskeiðs, survivor-námskeiðs og smíðavallar sem er starfræktur í samvinnu við garðyrkjudeild bæjarins.

Öskudagur er samvinnuverkefni grunnskólans, foreldrafélags og Selsins. Skemmtanir fyrir 1.-6. bekk eru haldnar í grunnskólanum.

Ungmennahúsið Skelin var opnað formlega þann 11. október 2013. Ungmennahúsið er með starfsemi fyrir 16 ára og eldri og hefur ungmennaráð Seltjarnarness aðstöðu í Skelinni.

Listahópur Seltjarnarnesbæjar er skipaður af ungu fólki frá 18-24 ára og starfar við ýmsa listsköpun, unna sem einstaklings- eða hópverkefni, sem bæjarbúar njóta góðs af með ýmsum hætti.

Jafningafræðsla í samstafi við Hitt Húsið. Tvö ungmenni á aldrinum 17-19 ára sjá um jafningafræðslu fyrir unglunga í vinnuskóla.

Tölvukennsla eldri borgara. Ungmenni á aldrinum 16 til 20 ára sjá um tölvunámskeið fyrir eldri borgara. Námskeið eru haldin í júní og júlí og eru jafnan vel sótt.

Sérverkefni. Hópur ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára mun vinna við sérstök verkefni fyrir svið Seltjarnarnesbæjar. Einnig mun þessi hópur vinna að gerð nokkra fréttapátta sem hægt verður að sjá á YouTube.

2.6. Bygginga- og umhverfissvið

Skipulagsmál

Á árinu 2014 er verið að ljúka flestum deiliskipulagsmálum en áform eru um að vinna við 2 deiliskipulagssvæði verði sett af stað til viðbótar við þau 5 sem þegar eru í vinnslu. Á árinu eða næsta kjörtímabili verður unnið að nýju aðalskipulagi og er undirbúningur með umhverfisþingi og íbúasamráði að baki og ráðgjafar byrjaðir á undirbúningi. Samstarf innan SSH og við ríkið um almenningsamgöngur heldur áfram en nýtt svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins verður væntanlega auglýst til kynningar fyrir bæjarstjórnarkosningar í lok maí.

Ný Skipulagsreglugerð tók gildi í ársbyrjun 2013.

Verkefni í skipulagsmálum hafa þurft að endurskoðast í kjölfar lagabreytinga og nýrrar skipulagsreglugerðar og eru nokkur verkefni í undirbúningi samhliða vinnu við aðalskipulag.

Mörg spennandi verkefni bíða í umhverfismálum, svo sem vestursvæðið og umhverfi göngustíga með fjörum. Fornleifarannsóknir standa yfir hjá Nesstofu í umsjón Þjóðminjasafnsins. Áfram verður staðið fyrir fuglaskoðun og náttúrufræðslu á Seltjarnarnesi og unnið að Staðardagskrá 21. Framkvæmdir byrjuðu við nýtt fuglaskoðunarhús milli Seltjarnar og Bakkatjarnar á síðasta ári og verður væntanlega lokið á árinu.

Byggingamál

Verkefni í byggingamálum eru nokkur og eru nú yfir 30 íbúðir í byggingu á Seltjarnarnesi og áform um 25 íbúðir hafa verið samþykktar auk viðhalds á eldra húsnæði bæði í eigu einkaaðila og bæjarins.

Á síðasta ári var ljóst að fyrirliggjandi viðhaldspörf á fasteignum bæjarins var það mikil að fastráðning iðnaðarmanna til verkefna þótti tímabær og voru um tíma 3 iðnaðarmenn í starfi, en á þessu ári eru tveir iðnaðarmenn smiður og múrari starfandi að fasteignaviðhaldi.

Brunamál og almannavarnir


Útgjöld til brunamála og almannavarna nema um 27,7 m.kr. Útgjöld til málaflokksins eru svipuð og árið á undan. Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðis er með um 89% af heildarútgjöldunum. Á árinu verður unnið að viðhaldi á sjóvarnargarði bæjarins. Áætlað er að gera gönguleið í gegnum sjóvarnargarðinn við Eiðistorg, bæta sjóvörn við Gróttu og sjóvörn við golfvöll.

Hreinlætismál

Fjárveiting til hreinlætismála er um 37 m.kr. Útgjöld til málaflokksins hækka lítillega frá fyrra ári. Kostnaður við sorphirðu, móttökugjöld hjá Sorpu bs. og rekstur gámastöðva (grenndarstöðva) eru meginútgjöld þessa málaflokks. Álögð sorphreinsunargjöld eru um kr. 20 millj.

- Heilbrigðiseftirlit
- Sorphreinsun og endurvinnslustöðvar
- Gatnahreinsun
- Hreinsun opinna svæða
- Meindýraeyðing
- Sorpa sorpeyðing og urðunarstaðir

Sorphreinsun og hreinlætismál




Umferðar- og samgöngumál

Undir málaflokknum eru almenningsamgöngur langstærstur með um 72% af framkvæmdafé og kostnaður vegna götulýsingar kemur þar næst með um 12% af kostnaði.

Við gerð fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir að viðhaldskostnaður vegna s.s. holufyllinga í gatna- og göngustígakerfi, snjómoksturs, hálkueyðingu gatna og göngustíga m.m., yrði svipaður og hann var á síðasta ári. Á árinu verður enn fremur unnið að almennu viðhaldi á umferðarmerkjum, gatnamerkingum, biðskýlum m.m.

- Viðhald gatna
- Viðhald gangstétta
- Gangstígar
- Plön, viðhald og rekstur
- Umferðarmál
- Gangbrautarljós og umferðarmerki
- Biðskýli
- Götunöfn og húsnúmer
- Götulýsing, nýlagnir, viðhald
- Snjómokstur
- Hálkueyðing
- Strætó BS

Verklegar framkvæmdir



Nýframkvæmdir innan umferðar- og samgöngumála

Á árinu 2014 verður, auk verklegra framkvæmda sem getið er hér að framan, gert ráð fyrir að framkvæmt verði fyrir um 40 m.kr. Helstu framkvæmdir eru:

- Í nýtt malbik á götur fara um það bil 20 m.kr.
- Í endurnýjun á gangstéttum, er áætlað að verja um það bil 20 m.kr.
- Í nýjar hraðahindranir er áætlað að verja um það bil 2 m.kr.
- Í ný bílastæði á Skólabraut áætlaðar 2 m.kr.

Vinnuskóli Seltjarnarness:

Stjórnandi skólans er garðyrkjustjóri. Fjöldi unglunga verður um 150. Vinnuskóli Seltjarnarness er ætlaður krökkum á aldrinum 14 -16 ára (8.-10. bekkur).

Helstu verkefni og áherslur Vinnuskóla Seltjarnarness 2014


- Almenn garðyrkjustörf á opnum svæðum bæjarins þ.e gróðursetning sumarblóma og runna, arfahreinsun, þökulögn o.fl.
- Götuhreinsun og málningarvinna.
- Nemendur fara inn á aðrar stofnanir og eru til aðstoðar t.d. við sundnámskeið, leikjanámskeið, golfvöll, fótboltanámskeið o.fl.

Áhaldahús.

Áhaldahús Seltjarnarnesbæjar starfar undir Umhverfissviði. Áhaldahús mun sinna hefðbundnum verkefnum sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Á árinu 2014 verða verkefni með nokkuð hefðbundnu sniði. Fyrirbyggjandi viðhaldi á vatns-, hita- og fráveitu verður sinnt. Brugðist verður við leka sem upp kann að koma í götum eða lóðum og skipt um inntak hjá viðkomandi, ef þess er þörf.

Mörg verk eru árstíðabundin, s.s snjómokstur, hálkueyðing, upphirða jólatrjáa, flugelda og sprengjudóts og garðaúrgangs. Garðaúrgangur verður kurlaður til jarðgerðar og er reiknað með að þar fái ca 90 rúmmetrar af moltu.

Sumarstarfsemin verður með venjulegu sniði þ.e. þökulagningar, sláttur, upphirða, málningarvinna af ýmsum toga, eins og umferðarmerkingar, staðsetningu niðurfalla, leiktækja og eftir ábendingum forstöðumanna stofnana bæjarins. Áætlað er að það komi ca 120 sumarstarfsmenn til starfa.



Mörg önnur verk er hægt að nefna, s.s eftirlit með Gróttu og Eiðistorgi (vökvun, þrif og hreinsun renna á þaki). Tæming ruslakassa, hreinsun opinna svæða og hreinsun niðurfalla auk margra annarra starfa sem tengjast bæjarbúum.

Nýframkvæmdir verða bæði á dreifikerfi veitustofnanna, gatna- og stígakerfa bæjarins sem áhaldahús mun sinna.


Sumarátak unga fólksins - Helstu verkefni og áherslur

- Sláttur og hirðing opinna svæða og fegrun bæjarins.
- Viðhald, á opnum svæðum og stofnunum.
- Dreifing á áburði og moltu ásamt jarðgerð.
- Ýmis önnur sérverkefni.

3. B-hluti, fyrirtæki og stofnanir

Veitustofnun Seltjarnarness (*vatnsveita, fráveita og hitaveita*)

Vatnsveitan. Eins og undanfarin ár verður unnið að viðhaldi, viðgerðum í dreifikerfi vatnsveitunnar. Fjárveiting til vatnsveitu er um 62 m.kr. á árinu 2014 og er svipuð milli ára. Stærstu kostnaðarliðir vatnsveitu eru áætlaðir í viðgerðir á dreifikerfinu sem og kaup á köldu vatni frá OR.



Heildartekjur vatnsveitunnar vegna sölu á köldu vatni eru um 80 m.kr. Starfsmenn áhaldahúss munu sinna reglubundnu viðhaldi á dreifikerfi vatnsveitunnar og lögn heimæða.

Hitaveitan. Heildartekjur hitaveitunnar vegna sölu á heitu vatni eru áætlaðar um 113 m.kr. á árinu 2014, sem er nær óbreytt frá fyrra ári. Stærstu kostnaðarliðir hitaveitu eru fyrirhugaðir, eins og áður, í endurbætur og viðgerðir á dreifikerfinu, leigu vatnsréttinda sem og kaup á rafmagni frá OR, sem notað er til að dæla heitu vatni úr borholum og út á kerfið. Starfsmenn áhaldahúss sinna reglubundnu viðhaldi á dreifikerfi hitaveitunnar og lögn heimæða.

Hitaveita Seltjarnarness




Nýframkvæmdir hjá hitaveitunni

- Á árinu 2014 verður, auk verklegra framkvæmda sem getið er hér að framan, gert ráð fyrir að framkvæmt verði fyrir um 15 m.kr. Helstu framkvæmdir eru:
- Endurnýjun á um 300 hitaveitumælum
- Returlögn lögð í stíg frá Lindarbraut að Neströð.
- Ný stofnæð hitaveitu að holu 12
- Heimæð hitaveitu í lðunnarreit.

Fráveitan. Fjárveiting til fráveitu er um 73,6 m.kr. á árinu 2014 og hækkar lítillega milli ára. Stærstu kostnaðarliðir fráveitu eru áætlaðir í endurbætur og viðgerðir á dreifikerfinu sem og fjármagnskostnað til sveitarfélagsins frá því að veitan var gerð að B-hlutafélagi. Heildartekjur fráveitunnar eru um 88 m.kr. Starfsmenn áhaldahúss munu sinna reglubundnu viðhaldi á dreifikerfi fráveitunnar. Á árinu 2014 er áætlað að öllu skólpri verði dælt í hreinsistöðina í Ánanaustum.

Fráveita

- Sameiginlegur kostnaður
- Safnkerfi
- Skerjafjarðarveita sameiginl kostnaður
- Fráveita, dælustöðvar og þrær
- Fjármagnskostnaður



Nýframkvæmdir hjá fráveitunni

- Áætlaðar eru um 40 m.kr. í nýframkvæmdir í fráveitu. Þessar framkvæmdir eru:
- Heimæðar við Iðunnarreit m.m.
- Fyrirhugað er að byggja dælustöð við Tjarnarstíg. Í þetta verkefni er áætlað að verja um 34 m.kr.


4. Fjárhagsáætlun 2014

Áætlunin er unnin í samræmi við fjármálareglur og fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga sem settar voru á grundvelli nýrra sveitarstjórnarlaga. Fjárhagsáætlunin er því lögð fram eins og sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir, eigi síðar en 1. nóvember til fyrri umræðu og sé samþykkt fyrir 15. desember. Fjármálastjóri bæjarins hefur leitt vinnu við fjárhagsáætlun auk sviðsstjóra.

Rammafjárhagsáætlun var send öllum forstöðumönnum og þeim ætlað að áætla fjárframlög sinna stofnana til samræmis við rammann. Haldnir voru fjölmargir fundir þar sem forstöðumenn og sviðsstjórar gerðu grein fyrir áætlunum sínum. Við gerð fjárhagsáætlunar 2014 er lagt til að varlega verði farið í gjaldskrárhækkanir sem snúa að fjölskyldum barna og ungmenna og gjaldskrár sem snúa að þessum hópum. Fjárhagsáætlunin sýnir eins og áður sterka stöðu Seltjarnarnesbæjar. Áætlað er að framlag Seltjarnarness frá jöfnunarsjóði verði svipað og áætlað var á síðasta ári.

Skatttekjur

Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignagjöldum og lóðarleigu. Fjárhagsáætlun 2014 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 2.158 m.kr. Meginhluti skatttekna eru í formi útsvars af launatekjum og eru þær 85,5% af heildartekjum sveitarfélagsins. Álagningarhlutfall útsvars verður 13,70%. Af þessu hlutfalli rennur 0,95% í jöfnunarsjóð til rekstrar á málefnum fatlaðra.



Við áætlun útsvars er gert ráð fyrir að útsvarstekjur muni hækka um 3%, en nokkrar launahækkanir voru á sl. ári og eru allflestir kjarasamningar lausir á árinu 2014. Ekki er gert ráð fyrir nýjum kjarasamningum í fjárhagsáætluninni. Gert ráð fyrir að útsvarið nemi um 1.846 m.kr. á árinu, sem er hækkun um 54 milljónir milli ára.

Fasteignaskattar og lóðarleiga eru lagðir á samkvæmt gildandi fasteignamati. Álagningarhlutfall fasteignagjalda mun verða óbreytt en hækkun er á fasteignamati milli ára. Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði verði 0,21%, á atvinnuhúsnæði 1,25%, lóðarleiga

Íbúðarhúsnæðis 0,4%, holræsagj. 0,13% og vatnsgj. 0,11% . Fasteignaskattur er áætlaður 232,6 m.kr., vatnsskattur 85,7 m.kr., holræsagjald 101,3 m.kr. og lóðarleiga 21,8 m.kr.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrispega verða tekjutengdar eins og verið hefur og þess gætt að tekjulágir eldri borgarar njóti lækkunar á fasteignaskatti og holræsagjaldi.

Framlög Jöfnunarsjóðs teljast hluti skatttekna og gert er ráð fyrir að framlög sjóðsins verði 57,8 m.kr. m.a. til ýmissa sértækra verkefna vegna barna á grunnskólaaldri.

Íbúafjöldi á Seltjarnarnesi er 4.322 og ekki er gert ráð fyrir fjölgun á næsta ári. Reiknað er með að atvinnuleysi verði svipað á árinu 2014 og það hefur verið 2013.

Laun og launatengd gjöld

Launaáætlun ársins 2014 byggist á áætlun stjórnenda einstakra sviða og stofnana um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og fjölda yfirvinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningasamninga og tekið er tillit til fyrirséðra samningsbundinna hækkana. Laun og launatengd gjöld nema samtals kr. 1.502 m.kr. hjá samstæðu A og B hluta á árinu 2014. Hækkun á lífeyrisskuldbindingu er áætluð kr. 46,5 m.kr.

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar 2014

<http://www.seltjarnarnes.is/media/fjarhagssvid/Fjarhagsaaetlun-2014-samthykkt-13.nov-2013.pdf>

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar 2014-2017

<http://www.seltjarnarnes.is/media/fjarhagssvid/Seltjarnarnesbaer---Fjarhagsaaetlun-2014---2017.pdf>